

Til fjölmiðla

Í umræðupætti í sjónvarpssal 16/4 sagði Guðmundur Jóhannesson kvensjúkdómalæknir eftirfarandi orðrétt:

"... mér finnst það vera svolftill tvískinnungur í mállutningi rauðsokkahreyfingarinnar, ég veit, ég hef vitneskju um það, að þær hafa beinlínis hvatt ungar stúlkur og konur til að fara til Bretlands til að fá fóstureyðingu án þess að það væri reynt á það, hvort þær gætu fengið þessa aðgerð hérna heima. Og ég get ekki séð, að tilgangurinn hafi verið annar heldur en með því að sýna fram á mikinn fjölda af þessum fóstureyðingum á íslenskum konum úti í Bretlandi, að þá væri meiningarlaust fyrir okkur að vera með hindranir hérna, og þetta finnst mér vera óheiðarlega unnið að því að hérna brjóta lög til þess að byggja upp lög."

Rauðsokkahreyfingin vill taka fram, að ummæli kvensjúkdómalæknisins lýsa ótrúlegum misskilningi á starfsemi hreyfingarinnar og eun ótrúlegri vanþekkingu á því, hvernig meðferð mál margra þeirra kvenna hljóta, sem æskja fóstureyðingar á Íslandi.

Þrátt fyrir nokkra rýmkun á framkvæmd fóstureyðingarinnar ^{Laganna} á allra síðustu árum vegna breytts almanningsálits og viðhorfa lækna er þó enn synjað um aðgerð mörgum konum, sem sjálfar telja sig hafa brýna nauðsyn fyrir hana. Því hefur verið haldið á lofti, að aðeins tveim prósentum umsóknna hafi verið synjað á sl. tveim árum. Við viljum benda á, að hér er aðeins um að ræða umsóknir skv. lögnum frá 1938, en ekki 1935. Lögin frá 1938 heimila fóstureyðingu af læknisfræðilegum og siðferðisástæðum (nauðgun), en samkvæmt þeim skal ekki tekið tillit til félagslegra ástæðna. Samnleikurinn er sá, að flestar synjanir fara fram án þess að skrifuð sé nokkur umsókn, þe. á stofu þess læknis eða lækna sem konan leitar til, og eru af eðlilegum ástæðum ekki til um þetta neinar tölur.

Þetta vita þeir sem vilja vita og hvernig þetta hörmunga-
ástand hefur getað farið framhá Guðmundi Jóhannessyni kvensjúkdómafræðingi er okkur óskiljanlegt með öllu.

Af þessu leiðir, að margar konur hafa leitað til Rauðsokkahreyfingarinnar og beðið um upplýsingar og leiðbeiningar.



- 2 -

Oft hafa ástæður þessara kvenna reynst þannig, að við nánari athugun hafa þær getað fengið löglega íóstureyðingu hér á landi. En stundum hefur það reynst ókleift og þessvegna höfum við aflað okkur upplýsinga um nokkrar breskar stofnanir, sem hafa leyfi þarlendra yfirvalda til að framkvæma löglegar íóstureyðingaraðgerðir. Þessar stofnanir eru:

Parkview Clinic, 87 Mattock Lane, London W5.

Avenue Clinic St. Lotus, 157 Harley Street, London,

Pregnancy Advisory Service, 40 Margaret Street, London W1N.

Þetta eru einkasjúkrahús (útlendingar fá ekki aðgerð á sjúkrahúsum ríkisins) og taka tvö þau fyrirnefndu £ 125-150 fyrir aðgerðina, en eftir samtál við yfirmann þess þrjú fjárlst hún á, að íslenskar konur greiddu þar sama gjald og enskar, þ.e. £ 70. Við þetta bætist fargjald og annar kostnaður og er því augljóst, að efnahagur sker úr um, hvort konur geti notfært sér þessi úrræði.

Við vísam á bág þeim rakalausar og grófa áburði, að Rauðsokkahreyfingin hafi hvatt einn eða neinn til að leita sér íóstureyðingar héraendis eða erlendis. Við höfum einungis reynt að leysa vanda þeirra, sem til okkar hafa leitað. Lágkúrulegur þykir okkur málflutningur þess, sem í rökproti grípur til rógburðar, og lítt sámandi manni, sem í umræðum um þessi mál hefur hvað eftir annað hampað heiðri og siðgæðisvitund læknastréttarinnar.

Rauðsokkahreyfingin

Miðstöð:

Elisabet Gunnarsdóttir
Elisabet Gunnarsdóttir

Erna Egilsdóttir
Erna Egilsdóttir

Helga St. Guðmundsdóttir
Helga St. Guðmundsdóttir

Ingibjörg Rán Guðmundsdóttir
Ingibjörg Rán Guðmundsdóttir